

VesturVerk ehf
Ytri Veðrará
425 FLATEYRIReykjavík, 17. nóvember 2016
Tilvísun: OS2016100029/50.4.5
Verknúmer: 1073000**Efni: Framlenging á rannsóknarleyfi Vestur Verks ehf. á vatnasviði Þverár á Langadalsströnd við Ísafjardardjúp, vegna svonefndrar Skúfnavatnsvirkjunar**

Orkustofnun hefur mótttekið bréf Vestur Verks ehf., kt. 641088-1379, dags. 20. október sl., þar sem óskað er eftir framlengingu á leyfi til rannsókna á vatnasviði Þverár á Langadalsströnd við Ísafjardardjúp, vegna svonefndrar Skúfnavatnsvirkjunar, til 31. mars 2019, áður út gefnu af Orkustofnun til tveggja ára, þann 31. mars 2015. Orkustofnun fer með leyfisveitingar til rannsókna m.a. sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.

Fram kemur í erindi Vestur Verks ehf. að ný og nákvæmari kort hafi verið gerð af rannsóknarsvæðinu og í framhaldi þess hafi Vestur Verk lagt fram breytta útfærslu fyrri hugmynda Orkustofnunar að Skúfnavatnsvirkjun, ásamt endurreiknuðum byggingarkostnaði virkjunarinnar. Þá sé unnið að nýjum afhendingarstað raforku, [tengipunkti flutningskerfisins] við Ísafjardardjúp, sem ásamt nýrri útfærslu virkjunarinnar og forhönnun bendi til aukinnar hagkvæmni hennar. Fram kemur í umsókninni að unnið sé að samningum við réttihafa vatnsréttinda á vatnasviði virkjunarinnar og í framhaldi þess, næsta sumar verði rannsóknum haldið áfram og að unnið verði að umhverfismati virkjunarinnar samhliða því verkefni.

Með tölvubréfi Orkustofnunar, dags. 4. nóvember s.l., til leyfishafa, Vestur Verks ehf. kallaði Orkustofnun eftir endurnýjaðri og breyttri rannsóknaráætlun vegna umsóknarinnar, m.a. í tímaplani. Í dag, þann 17. nóvember, barst Orkustofnun svo ný rannsóknaráætlun vegna hinna fyrirhuguðu rannsókna á framlengdu rannsóknartímabili til loka marsmánaðar 2019 sem Orkustofnun hefur farið yfir og gerir ekki neinar athugasemdir við.

Fyrir liggur að hin fyrirhugaða Skúfnavatnsvirkjun fellur ekki undir ákvæði laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, þar sem hún nær ekki 10 MW að afli. Fram kemur í rannsóknaráætlun að virkjunarkosturinn fari í mat á umhverfisáhrifum.

Í ljósi ofanritaðs fellst Orkustofnun hér með á að áður út gefnu rannsóknarleyfi dags. 8. desember 2006 verði framlengt til 31. október 2019 og skal rannsóknum þá lokið.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt auðlindalögum, sæta kærnu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 33. gr. laganna. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina nr. 130/2011.

Stjórnvaldsákvæðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kærnu til ráðherra, skv. ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993

Virðingarfyllst
f. h. orkumálastjóra
Skúli Thoroddsen
Linda Georgsdóttir